

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um samþykki Alþingis við tillögur U Þants til lausnar á styrjöldinni í Vietnam.

Flm.: Einar Olgeirsson, Gils Guðmundsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samþykki sínu við tillögur U Þants, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til lausnar á styrjöldinni í Vietnam. En þær eru þessar:

1. Að Bandaríkin hætti loftárásum sínum á Norður-Vietnam.
2. Að styrjaldaraðilar í Suður-Vietnam dragi úr hernaðaraðgerðum sínum.
3. Að Þjóðfrelsinhreyfing Suður-Vietnams verði viðurkenndur samningsaðili og allir aðilar fallist á að setjast að samningsborði.

Felur Alþingi ríkisstjórninni að framfylgja þessari samþykkt á alþjóðavettvangi, m. a. tilkynna hana á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Hin hræðilega árásarstyrjöld hins völduga bandaríska stórveldis gegn fátækri, frelsisunnandi þjóð Vietnam veldur nú daglega ógnum og dauða hjá þessari þjóð, sem aðeins þráir að fá að lifa í friði, frjáls eftir langa nýlendukúgun og fórnfrekt frelsisstríð. Jafnframt vofir sú hættu í sífellu yfir, að þetta árásarstríð Bandaríkanna gegn fámennri þjóð geti breiðzt út og orðið að stórstyrjöld, er stofni allri heimsbyggðinni í hættu.

U Þant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur lagt sig mjög fram til þess að reyna að koma á friði í Vietnam. Hann hefur lagt fram tillögur sínar um, hvernig að því skuli farið, í þrem liðum, sem í þingsályktunartillögunni greinir. Vitað er, að ein höfuðástæðan til þess að hættu er á, að hann taki eigi endurkosningu nú, er, að hann hefur ekki getað fengið þær tillögur fram. U Þant kom hingað í sumar, vafalaust m. a. til þess að vinna tillögum sínum fylgi.

Alþingi Íslendinga á af sinni hálfu að taka undir þessar tillögur hans og leitast þar með við að hjálpa til að koma á friði í Vietnam og enn fremur að tryggja Sameinuðu þjóðunum áfram starfskrafta U Þants.

Vitað er, að ýmsir aðilar hafa þegar orðið til þess að taka undir þessar tillögur. Á Norðurlöndum hefur t. d. ríkisstjórn Svíþjóðar lýst fylgi sínu við þær. Vitað er að norskri Vinstriflokkurinn er fylgjandi þeim.

Alþingi Íslendinga hefur látið alþjóðamál allt of lítið til sín taka. Það er bæði frá sjónarmiði mannúðar og skynsemi rétt að láta þetta mál verða eitt hið fyrsta þeirrar tegundar.